

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

2002/EES/03/34

frá 14. febrúar 2000

um að auka samþættingu og samþætta vörufutninga innan Evrópusambandsins(\*)

(2000/C 56/01)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

- 1) FAGNAR orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um samþættingu og samþætta vörufutninga innan Evrópusambandsins frá október 1999 og orðsendinguinni frá júní 1997 um framvindu framkvæmdar aðgerða-áætlunarinnar sem fjallað er um í henni.
- 2) LÝSIR ánægju sinni með að flestum verkefnum innan aðgerða-áætlunarinnar hefur verið ýtt úr vör og hvetur framkvæmdastjórnina til þess að halda framkvæmdum áfram.
- 3) ER ÞEIRRAR SKODUNAR að starfraeli og skipulagslega skilvirk vörufutningakerfi stuðli að þróun atvinnustarfsemi í bandalaginu borgurum þess og fyrirtækjum til hagsbóta.
- 4) STYÐUR það markmið framkvæmdastjórnarinnar að þróa samþætta vörufutninga, það er samþættingu ólikra flutningsmáta, eins og best verður á kosið, sem gerir skilvirkja og arðsama notkun flutningskerfa mögulega með snurðulausri, notendavænni þjónustu að húsdýrum, um leið og samkeppni milli farmflytjenda er í heiðri höfð.
- 5) MINNIR Á að starfsáætlun ráðsins frá 6. október 1999 um samþættingu umhverfis og sjálfbærar þróunar annars vegar og stefnu á svíði flutningastarfsemi hins vegar „bendir eindregið til þess að frekari þróunar sé þörf, einkum ... að stuðla að ... samþættum og samsettum flutningum ... stöðlun og samræmingu samþættra flutningseininga ... samkeppnishæfni og þjónustugæðum hafna og annarra samþættra umferðarmiðstöðva og járnbrauta, t.d. með aukinni notkun fjarvirknii ... (og könnun á) mismunandi fyrirkomulagi bótaábyrgðar“.
- 6) LEGGUR ÁHERSLU Á að í sömu starfsáætlun er kveðið á um nauðsyn þess „að framhald verði á greimingu tengsla milli flutningsþarfar og ... skipulags

iðnaðarframleiðslu og þjónustustarfsemi (hnattvæðing, afnám markaðssérleyfa, tímastillt flutningaþjónusta, rafraen verslun)“ í því skyni að þróa aðgerðir í samræmi við almenn markmið sjálfbærars hreyfanleika.

- 7) ÁRÉTTAR þann ásetning sinn að beita sér fyrir flutningsmáta sem stuðlar að sjálfbærum flutningum, einkum járnbrautarflutningum, flutningum á stuttum sjóleiðum og flutningum á skipengum vatnaleiðum. MINNIR Á, í þessu samhengi, niðurstöðu sína frá 6. október 1999 um enduruppbryggingu evrópskra járnbrauta, einkum með vísan til stofnunar samevrópsks netkerfis fyrir vörufutninga með járnbrautum (TERFN), og ályktunar sinnar frá 11. mars 1996 um flutninga á stuttum sjóleiðum <sup>(1)</sup>, niðurstaðna frá 18. júní 1997 og ályktunar frá 14. febrúar 2000 um að efla flutninga á stuttum sjóleiðum <sup>(2)</sup>.
- 8) MINNIR Á mikilvægi endurskoðunar viðeigandi lagaramma bandalagsins og mikilvægi rannsókna, þróunar og tilraunaverkefna með tilliti til samþættra flutninga og lýsir ánægju sinni með það hlutverk sem rannsóknir á þessu svíði gegna á svíði lykilaðgerða fimmtu rammaáætlunarinnar um rannsóknir og tæknipróun (RTD) sem komið var á fót með ákvörðun nr. 182/1999/EB <sup>(3)</sup>.
- 9) HVETUR alla hlutaðeigandi aðila til þess að vinna ötullega að því að skapa gott, starfænt markaðsumhverfi fyrir samþætta flutninga í því skyni að samþætting geti, þar sem það er hægt, orðið lífvænlegur og umhverfisvænn valkostur við flutninga á vegum sem einn flutningsmáta.
- 10) VEITIR ÞVÍ ATHYGLI að nauðsynlegt er að vinna áfram að því að koma auga á hindranir í vegini þess að samþættir flutningar séu vel samkeppnisfærir á markaðinum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjórd. EB C 56, 29.2.2000, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 24.

<sup>(1)</sup> Stjórd. EB C 99, 2.4.1996, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjórd. EB C 56, 29.2.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjórd. EB L 26, 1.2.1999, bls. 1.

11) HVETUR framkvæmdastjórnina, í samvinnu við aðildar-  
rikin, til þess að halda áfram og auka starf sitt til að efla  
samþætta flutninga, þar með talda samsetta flutninga,  
einkum með því að:

- a) fella samþættingu inn í endurskoðun sína á samevrópsku flutninganeti (TEN-T) með tilvísun til markvissra aðgerða í því skyni að ná fram sjálfbærum hreyfanleika, til dæmis að:
  - innleiða ný verkfæri til þess að meta hæfni fyrirhugaðra kerfa og aðgerða til að breyta hluta af eftirspurn eftir flutningum á vegum í umhverfisvænni flutningsmáta,
  - uppræta tafvalda samþættingar, meðal annars á sviði vöruflutninga með járnbrautum (TERFN),
  - þróa og hagnýta sem best umferðarmiðstöðvar fyrir samþætta flutninga;
- b) taka mið af samþættingu í því skyni að skapa jöfn skilyrði á flutningamarkaðinum þegar hún, á árinu 2000, leggur fram tillögu um endurskoðun reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1107/70 frá 4. júní 1970 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skippgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup> með tilliti til aðstoðar við samsetta flutninga;
- c) aðlaga evrópska flutningskerfið að upplýsingasamfélaginu, t.d. með því að leggja fram tillögur um að efna til opinnar hönnunar á gagnaflutningi og fjarvirkni á sviði flutninga;
- d) stuðla að því að opið og skilvirkrt rauntímaupplýsinga- og viðskiptakerfi verði að veruleika sem verkfæri fyrir flutningsaðila og rekstraraðila á sviði samþættra flutninga;
- e) halda áfram, ásamt aðildarríkjum, greininni og hlutadeigandi alþjóðastofnunum, viðleitni sinni til að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi bótaábyrgðar á þessu sviði, meðal annars með því að kanna viðhorf í tengslum við fyrirkomulag bótaábyrgðar fyrir samþætta flutninga og með því að leggja fram skýrslu um efnahagslega greiningu á afleiðingum þess að ekkert almennt viðurkennt fyrirkomulag bótaábyrgðar á sviði samþættra flutninga sé til og um þá vinnu sem nú fer fram á vettvangi greinarinnar og lýtur að lagalegum og efnahagslegum ávinningi sem faest af ólikum lausnum með tilliti til fyrirkomulags bótaábyrgðar fyrir samþætta flutningastarfsemi;

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB L 130, 15.6.1970, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 543/97 (Stjóð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 6).

- f) leggja fram orðsendingu „Að setja viðmiðanir fyrir flutningastarfsemi“ og þróa lykilvísbindigar um notagildi samþættra vöruflutninga; sýna fram á, í þessu samhengi, hugsanlega arðsemi verkefna á sviði samþættra flutninga og birta dæmi og upplýsingar um bestu framkvæmd, þar sem einkum er tekið mið af fenginni reynslu af áætluninni um tilraunaaðgerðir á sviði samtengdra flutninga (PACT) og af ýmsum verkefnum samkvæmt fimmstu rammaáætluninni um rannsóknir og tækníþróun (RTD);
- g) beina ráðstöfunum, þegar gerðar eru tillögur um ráðstafanir á sviði flutningastarfsemi, í farveg birgða- og flutningakerfisins sem einnar heildar en ekki einvörðungu í farveg einstakra flutningsmáta og meðal annars leggja áherslu á að samræma staðla um flutningseiningar og að tækni sem gerir kleift að meðhöndla varning á ódýrari, skilvirkari og umhverfisvænni máta; leggja fram, í þessu skyni, orðsendingu um rekstur birgðakeðjunnar, birgða- og flutningaþjónustu og samþætta flutninga fyrir árslok 2001;
- h) gera áætlun um viðeigandi eftiryfigni áætlunarinnar um tilraunaaðgerðir á sviði samtengdra flutninga (PACT), þar sem áhersla er lögð á nýsköpunarverkefni;
- i) útvíkka aðgerðaáætlunina um samþættingu þannig að hún nái einnig til notkunar tæknivæddra flutningskerfa sem eru samofin í ríkari mæli, notkunar á sviði rafrænnar verslunar og tilraunaverkefna; og
- j) efla hlutverk rannsóknar- og þróunarverkefna á sviði samþættra flutninga í tengslum við rammaáætlani um rannsóknir og tækníþróun (RTD).

- 12) HVETUR lönd, sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu, til þess að stefna að fyrnefndum markmiðum og aðgerðum við áætlanagerð á landsvisu og á vettvangi sveitarfélaga.
- 13) HYGGST fylgja þróuninni á sviði samþættingar og samþættra vöruflutninga innan Evrópusambandsins með reglubundnum hætti.
- 14) HVETUR framkvæmdastjórnina til þess að senda ráðinu, á árinu 2001, næstu áfangaskýrslu sína um samþættingu og samþætta vöruflutninga innan Evrópusambandsins ásamt hugsanlegum tillögum.